



Opinn fundur fyrir nemendur með stjórnendum skólans og stjórnendum NFFG haldinn miðvikudaginn 19. október 2011 kl. 10:35-11:25 í Urðarbrunni.

Kristinn Þorsteinsson, (K.Þ.), skólameistari, setti fundinn, bauð alla velkomna og sagði að nemendur gætu borið upp spurningar til stjórnenda FG og/eða nemendafélagsins eða komið með ábendingar. Síðan myndu stjórnendur leitast við að svara eftir bestu getu.

Umgengni í skólanum hefur ekki verið nógu góð og það bitnar mest á nemendum sjálfum ef umgengni er slæm. Annars hefur önnin farið vel af stað.

Stefán Snær Stefánsson,(SSS), formaður NFFG: Vefsíða NFFG er í endurkóðun og ekki hægt að segja hvenær hún verður tilbúin. Vantar ennþá eitthvað af myndum af nemendum. Auglýst eftir málum sem nemendur vilja að tekin verði fyrir á skólaráðsfundum. Ný stjórn kosin í SÍF og ný málefni sem verið er að vinna í. Borðtennismót í FG í dag kl.17 – úrslit í hádeginu á morgun með ljósasýningu. Framundan hjá NFFG er m.a. LAN, útgáfa Kindarinnar o.fl.

Ísak Einar Rúnarsson,(ÍER), gjaldkeri NFFG: Tilkynnti að búið væri að ná samningi við prentara vegna útgáfu skólablaðs. Ekki var rætt við nemendur þegar ákveðið var að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Búið að taka út gos og sælgæti en gjaldkeri mótmælir því á skólaráðsfundum og reynir að fá það inn aftur.

Kristinn Þór Óskarsson, (KÞÓ) skemmtanastjóri NFFG: Busaball tókst vel. Hætt við ball nr. 2 sem átti að vera sveitaball. Tímasetningin og stemningin var ekki nógu góð. Salsaballið verður 2. eða 3. nóvember og verður af stærri gerðinni. Ýmislegt gert í vikunni á undan eins og t.d. salsatónlist og flögur í boði.

Sandra Dögg Sigurbjörnsdóttir,(SDS):meðstjórnandi: Stelpukvöld annað kvöld þar sem Sigga súper, Jón Jónsson ofl. skemmta. Hvetur stelpur til að mæta.

Unnur Stefánsdóttir formaður Rökréttu: Gettu betur – æfing við FB 27. okt. og svo keppni við MR 11. nóvember. Lið FG: Stefán Snær Stefánsson, Unnur Stefánsdóttir og ÓmarPáll Sigurbjartsson. Umræða um breytingar á keppninni, vægi spurninga o.fl. hefur verið í gangi hjá RÚV.

Agnes, fulltrúi nýnema í stjórn NFFG: ef nemendur vilja koma einhverju málefni inn á stjórnarfund þá má hafa samband við hana.

Ómar Páll Sigurbjartsson, formaður leikfélagsins: Prufur í gangi fyrir söngleikinn sem verður „Rock of ages”. Bjarni Snæbjörnsson sér um DLT að þessu sinni og leikstjórinn er Bjartur Guðmundsson.

Fyrirspurn úr sal, (F.sp.) – Af hverju eru 60 mín. tímar en ekki 40 mín?

K.Þ. – Höfum reynt annað fyrirkomulag en þetta hefur reynt vel.



F.sp. –Erum í skólanum til kl. 16.20 og svo er ætlast til vö við lærum heima.

K.Þ. – FG undirbýr nemendur fyrir háskólanám og vonandi reynist skólastarfið eins og því er háttað vel í þeim efnum.

F.sp. – Lítið félagslíf, finnst vanta kvöldsamkomur þar sem fólk getur kynnst. Ekki klíkur.

KÞÓ – Stelpukvöldið vettvangur til að kynnst og spjalla, einnig til klúbbur úti í bæ sem heitir spilavinir svo getur fólk hist á fésbókinni og spjallað.

Elísabet Siemsen, (ES): Hvetur nemendur til að stofna ýmiss konar klúbba eins og t.d. um leikhúsbókmenntir, kvikmyndaklúbb o.fl.

F.sp. – Eru engar nefndir starfandi, finnst vanta fleiri.

SSS – Verkaskipting lítil innan nemendafélagsins, nemendur þurfa að bjóða sig fram ef þeir vilja starfa í nefnd.

F.sp. – Er borgað inn við innganginn á stelpukvöldið, er eitthvert þema?

SDS – Já, ekkert þema, bara venjuleg föt.

F.sp. – Hvar hittist LARP-hópurinn sem var stofnaður á síðustu önn?

SSS – Hann var lagður niður eða réttara sagt hittist aldrei.

F.sp. – Hver er staðan á áfengismælunum?

SSS – Mikið skrifræði í kringum þetta mál, umboðsmaður barna hefur ítrekað við mennta-og menningarmálaráðuneytið að ljúka málinu með ákvörðun.

F.sp. – Hvað með pókerkvöld?

SSS – Bannað að halda það í skólanum.

F.sp. – Af hverju?

K.Þ. – Ekki bannað að spila en verður að vera með ákveðnum forsendum þar sem verðlaunafé er í lágmarki. Skólinn hefur boðist til að útvega verðlaun.

KÞÓ – Hver væru verðlaunin? Hafragrautskort?

K.Þ. –T.d. frí skólagjöld á næstu önn.

SSS – Göngum í að stofna pókerklúbb.

F.sp. – Er eðlilegt að kvikni í brauðgrillinu í mötuneytinu þegar verið er að hita brauð?

K.Þ. – Að sjálfsögðu ekki – þarfnast viðgerðar.

F.sp. – Hvað er með internetið í skólanum?

K.Þ. – Skólinn er aðili að FS-netinu sem flest allir framhaldsskólar nota og við ráðum ekki vinnsluhraðanum á því.

F.sp. – Af hverju er ekki opið net?

K.Þ. – Skólinn má ekki hafa opið kerfi.

F.sp. – Væri hægt að merkja á bílastæðunum í hvaða átt umferðin á að fara?

K.Þ. – Skoða það.



F.sp. – Eru allar klukkur í skólanum vitlausar?

K.Þ. – Það eru vandræði með að samstillta klukkurnar, þær eru stilltar tvisvar í viku. Nemendur eru flestir með farsíma með klukku í og ættu að geta verið á réttum tíma

F.sp. – Af hverju fara kennarar eftir vitlausum klukkum.

K.Þ. – Ræði það við kennara.

F.sp. – Er hægt að setja reglu um að nemendur megi ekki sitja í stígum, einhver mun eiga eftir að fótbrjóta sig. – *KLAPP frá salnum.*

K.Þ. – Biður nemendur að standa upp í stígum svo aðrir komist leiðar sinnar.

F.sp. – Hvernig er með nýjar tölvur?

K.Þ. – Það er búið að panta nýjar tölvur í stofu A 208, þær eru á leiðinni.

F.sp. – Af hverju er ekki sent SMS á nemendur þegar tími fellur niður á morgnana.

K.Þ. – Of dýr þjónusta, það er sendur netpóstur á nemendur í staðinn.

F.sp. – Ef nemendur borga sjálfir.

K.Þ. – Hægt að skoða það en það er einungis hægt að taka ákveðið mikið af nemendum í formi gjalda.

F.sp. – Hvers vegna kemst maður ekki á netið inni í stofu en kemst svo frammi á gangi?

K.Þ. – Það eru ekki sendar á öllum stöðum í skólanum.

F.sp. – Skýið er ekki að virka.

K.Þ. – Rétt, nemendur hafa farið út í að geyma gögn á námsnetinu. Staðan verður endurmetin í jólafríinu.

F.sp. – Einkunnir á miðannarmatinu eru mismunandi milli kennara þ.e. hvað hver bókstafur gildir. Væri hægt að samræma það?

K.Þ. – Eðli áfanga er mismunandi. Miðannarmatið er einkunn sem gildir ekkert en nýtist sem skilaboð kennara til nemenda um stöðu þeirra á miðri önn.

F.sp. – Er hægt að hafa samræmingu milli kennara hvað skyndipróf og ritgerðir varðar? Af hverju nota sumir kennarar námsnetið lítið?

K.Þ. – Erfitt að stýra prófum og verkefnaskilum. Álag er mikið vikuna fyrir miðannarmatið og svo í næst síðustu viku fyrir próf. Flestir kennarar nota námsnetið.

F.sp. – Má færa fótboltaspilið? Það hefur verið vesen í kringum núverandi staðsetningu.

SSS – Skoða það.

F.sp. – Er hægt að fá nettengingu í símann?

K.Þ. – Það er of mikið álag á kerfið og netumsjónarmanninn.

F.sp. – En af hverju ekki opið net?



K.P.- Það er bannað.

F.sp. – Þakkir til skólastjórnenda fyrir að fá að vera á skónum inni.

K.P. – Takk fyrir þetta.

F.sp. – Nóg komið af kvarti, eigum við ekki að klappa fyrir skólastjórnendum.*KLAPP*

E.S. – auglýsir eftir útskriftarefnum sem eiga eftir að hafa samband. Minnir á að útskrift var flýtt til 17. desember. Þeir sem stefna á útskrift í vor þurfa að panta viðtalstíma fljótlega.

F.sp. – Er sjaldan skúrað í salnum?

K.P. – Það þarf að auka við það vegna aukinnar kennslu í salnum.

Sigurður húsvörður – Betri umgengni þýðir minna kvart.

F.sp. – Koma dimittendar í skólann?

K.P. – Samningaviðræður eru á góðum nótum.

Fundi slitið

Ritari :

Snjólaug E. Bjarnadóttir, áfangastjóri